

Fundargerð Skólanefnd 12.2.2019

Mætt: Sigurgeir Höskuldsson formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Kolbrún Ada Gunnarsdóttir, Hjálmar Bogi Hafliðason, Birgitta Bjarney Svavarsdóttir, Díana Jónsdóttir, Ingólfur Freysson, Valgerður Gunnarsdóttir, Halldór Jón Gíslason og Arnþór Hermannsson

Fjarverandi: Arna Védís Bjarnadóttir

Efni fundar:

1. Samningur milli Völsungs og Framhaldsskólans á Húsavík
2. Heilsunuddbrautin – kennari
3. Endurskoðun á reglum skólans hvað varðar neyslu vímuefna og viðurlög á þeim
4. Fundur stærðfræðikennara Borgarhólsskóla og Framhaldsskólans á Húsavík
5. Endurgerð hvalaskoðunaráfangans
6. Styrkir til heilsuræktar til starfsmanna skólans
7. Stóla og borðakaup á önninni
8. Persónuvernd og skjalastjórnun
9. Önnur mál

Fundur settur af formanni

1. **Samningur milli Völsungs og Framhaldsskólans á Húsavík.**

Valgerður talar um samstarf milli Völsungs og FSH í gegnum afreksíþróttir í skólanum. Segist hafa boðið Völsungi 75.000 kr. á mánuði í 9 mánuði til að bæta samstarfið enn frekar milli Völsungs og FSH. Jafnvel bæta við íþróttafraeði og þjálfunarnámskeiðum fyrir krakkana.

2. **Heilsunuddbrautin – kennari.** Halldór talar um að næsta haust verða kenndir verklegir áfangar á nuddbrautinni. Það þarf að auglýsa stöðuna, 25% staða sem er í boði.

Einnig búið að athuga hvort nemendur myndu vilja koma frekar 5 helgar yfir önnina eða vera bara í 3 vikur. Til þessa er svörunin betri á að hafa þetta 5 helgar yfir önnina.

3. **Endurskoðun á reglum skólans hvað varðar neyslu vímuefna og viðurlög á þeim.**

Valgerður talar um að það þurfi að skerpa á reglum sem tengjast vímuefnanotkun.

Guðrún Helga námsráðgjafi er með umsjón yfir þessum breytingum.

Heyra í lögfræðingi um hvaða heimild skólinn hefur í svona málum þannig allt sé gert löglega.

4. **Fundur stærðfræðikennara Borgarhólsskóla og Framhaldsskólans á Húsavík.**

Valgerður talar um að eftir tal við Þórgunni í Borgarhólsskóla þá ætli raungreinakennarar að koma hingað 22. febrúar til að taka stöðuna milli skólanna. Jafnvel að hafa fastan ramma og hafa svona hitting með föstu millibili, eins og til dæmis árlega.

Helena Eydís talar um að hafa í huga að hafa samstarf alveg niður í leikskóla, getur verið áhugavert að hafa mismunandi verkefni fyrir alla aldurshópa frá leikskólaaldri og með grunnskólabörnum og uppí framhaldskóla.

Hjálmar talar um samstarf milli Borgarhólsskóla og FSH að fá nemendur úr FSH sem eru komnir til dæmis lengra í stærðfræðinni til að vera aukakennarar í Borgarhólsskóla.

5. **Endurgerð hvalaskoðunaráfangans.**

Valgerður talar um áhuga á að endurvekja hvalaskoðunaráfangann. Smára vantaði áfanga til

að fylla í starfshlutfallið sitt og því var hann fenginn til að endurgera þessa áfanga meðal annars.

SAMNOR hópur um ferðamálabrautir er búinn að hittast einu sinni og þá mun Smári einnig heyra í hvalaskoðunarfyrtækjum og hægt að gera þennan áfanga að fjarnámsáfanga og í fjarmenntaskólasamstarfið.

Einnig að hafa aukaáfanga í ensku, yndislestur, hugmynd sem kom upp að hafa sem áfanga í bundnu vali á félagsvísindabraut.

Í vinnslu að klára þessar breytingar á námsbrautunum, vantar einn áfanga bæði á félagsvísinda- og náttúruvísindabraut.

6. **Styrkir til heilsuræktar til starfsmanna skólans.**

Valgerður talar um þá ákvörðun um styrk til starfsmanna skólans, 25.000 kr, á önn til heilsuræktar eða til búnaðar tengdri heilsurækt. Hægt er að nota styrk til tveggja anna saman.

7. **Stóla og borðakaup á önninni.**

Valgerður talar um að símtal frá Pennanum hafi komið og við munum fá borðin og stólana í byrjun apríl. Síðan er spurning hvað eigi að gera við stólana og borðin sem við eigum núna.

8. **Persónuvernd og skjalastjórnun.**

Halldór talar um að Ásta komi með honum í skjalastjórnunina, ástæðan er af því að Ástu vantaði kennslu til að fylla í starfshlutfallið sitt.

Við erum komin af stað bæði í persónuverndina og líka skjalastjórnunina. Bíðum eftir að fá persónuverndarfulltrúa fyrir skólann.

Halldór helst í 100% starfi við að taka þessi aukastörf að sér, hefur yfirumsjón yfir þessu innan skólans.

Það þarf til dæmis að setja upp persónuverndarstefnu og vinnsluskrá og einnig að fara í gegnum öll skjöl frá síðustu 30 árum skólans.

9. **Önnur mál.**

a) **Smári í ársleyfi**

Valgerður talar um að Smári sé að fara í ársnámsleyfi. Vantar ensku- og þýskukennara í staðinn. Talar um að fá kennara í sitthvor 25% stöðugildin í eitt ár á meðan. Viðruð sú hugmynd að fá kennara úr Borgarhólsskóla til að fylla þessi stöðugildi.

b) **Lykiltölur annarinnar**

Halldór talar um lykiltölur annarinnar sem er nú í gangi, vor 2019.

Fjöldi nemenda eftir töflubreytingar er 101.

Á haustönn 2018 var fjöldinn 117, þar af 63 nýnemar, þar spilar heilsunuddbrautin stórt hlutverk.

Af 28 nemendum sem útskrifuðust úr Borgarhólsskóla vorið 2018 þá komu 17 af þeim sama haust í FSH

Meðalmæting á haustönn 2018 var 96,5%, engum nemenda var vikið úr skóla eða úr einstaka áföngum vegna mætingar.

Brotthvarf á haustönn 2018 var 3,1% en fall og brotthvarf var 11,4%.

Meðaleinkunn haustannar 2018 var 6,67 sem er lækkun frá síðustu árum.

c) Skólaheimsóknir

Halldór talar um að út frá ferðinni sinni til Tenerife líti út fyrir að við munum fá heimsókn í september. Þá munu tveir kennarar koma inná starfsbraut og fylgjast með Auði og Narfa þar. Síðan mun annar hópur líklega koma í apríl og fylgjast með öðrum kennurum og vera hér í viku.

Við stefnum að því að vera þátttakendur í verkefni um heilsu og líðan nemenda tengt Erasmus. Þar þurfti stjórnandi þess verkefnis að segja sig frá því verkefni þannig það er á hold í smátíma núna meðan leitað er eftir öðrum stjórnanda.

d) Samstarf við P&P

Ada talar um þreytu hjá Leikfélaginu tengt P&P varðandi þrifnað í leikhúsinu þegar þau eru með leikritið í gangi. Það þurfi til dæmis að setja þeim samning um hvernig þau eigi að skila af sér húsinu með dagsetningu um hvenær allt eigi að vera klárt. Hver eigi að sjá um þetta, vera ábyrgðaraðili, og þarf að vera klárt því með þessu áframhaldi þá munu þau hreinlega ekki geta fengið að vera þarna áfram.